




Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður



Reykjavík, 5. júní 2015

Tilvísun: 201411033 / 3.4

Efni: Deiliskipulag á Suðurtanga, hafnar- og iðnaðarsvæði, Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 13. maí 2015, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag Suðurtanga, hafnar- og iðnaðarsvæðis til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Málsmeðferð var skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 1. janúar 2015. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 5. febrúar 2015. Erindinu fylgdi umsögn Vegagerðarinnar dags. 18. desember 2014.

Deiliskipulagið tekur að hluta til svæðis innan deiliskipulags Ísafjarðarhafnar samþykktu 20. október 1995.

Í deiliskipulaginu felst að á austanverðum Suðurtanga verður hafnarkantur lengdur til suðurs úr 200 m í 490 metra og landrými aukið um 3 ha með landfyllingu. Gert er ráð fyrir að dýpka legusvæði Sundabakka í 10 m. Á skipulagssvæðinu sem er um 12,5 ha er gert ráð fyrir 34 lóðum fyrir hafnsækna starfsemi og iðnað. Allt skipulagssvæðið er innan hindranaflatar Ísafjarðarflugvallar sem takmarkar hámarkshæð fyrirhugaðra mannvirkja. Um árabíl var urðað óbrennanlegt sorp á hluta skipulagssvæðisins þar sem kann að þurfa gera ráðstafanir vegna mengandi efna, svo sem jarðvegsskipta, áður en uppbygging verður hafin.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1.000 (A1), dags. í apríl 2014 og í greinargerð með sömu dagsetningu.

Lýsing var kynnt vorið 2011 og send til umsagnar Skipulagsstofnunar, sbr. umsögn stofnunarinnar dags. 6. júlí 2011.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi form- og efnisgalla:

- Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um hættu vegna sjávarflóða og hindrunarflöt Ísafjarðarflugvallar á skipulagssvæðinu er nauðsynlegt að ákvarða endanlega landhæð í deiliskipulaginu og setja skilmála um lágmarksgólfkóta fyrirhugaðra bygginga og hámarkshæð þeirra.

- Leita þarf umsagnar Samgöngustofu um deiliskipulagið vegna hindrunarflatar Ísafjarðarflugvallar. Jafnframt þarf að leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna skipulagsáforma á gömlu urðunarsvæði.
- Deiliskipulagið felur í sér viðbætur við höfn sem er tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. tölugliði 10.11 og 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið er því jafnframt háð lögum um umhverfismat áætlaða. Gera þarf grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið.
- Í deiliskipulaginu er vísað til byggingarreglugerðar varðandi bílastæðafjölda og jafnframt segir að fjöldi bílastæða skuli vera í samræmi við þá nýtingu sem fyrirhuguð er, en viðmiðin vantar. Í byggingarreglugerð eru aðeins kröfur um lágmarksfjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Skilmála um fjölda bílastæða skal setja hverju sinni í deiliskipulagi, sbr. 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.


Hlynur Torfi Torfasón